

AUGLÝSING

99

24. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af isvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1947.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð skipstjóra- og stýri- 100 mannafélagsins Hafþór, Akranesi,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 5. júní málaráðherra 5. júní 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþór á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum frá skipstjórum og stýrimönnum þeim, sem eru í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi. Og var, er hann var stofnaður í nóvember 1943, kr. 3600.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Hafþórs, þegar þeir verða hjálparþurfi, sem og ekkjur þeirra og börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru $\frac{1}{4}$ af árstíllögum félagsmanna í Hafþór, ársvextir af höfuðstól og frjálsar gjafir.

4. gr.

Stjórn félagsins Hafþórs hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með sömu tryggingu og fyrirskipað er fyrir lánum af ómyndugra fé, sem og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið, að því leyti, sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkv. 5. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir síðastliðið ár, og skal sá reikningur endurskoðaður og úrskurðaður á aðalfundi Hafþórs.

100

5. júní

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn kr. 5000.00 má verja helmingi af ársvöxtum hans og helmingi af árstíllögum félagsmanna til styrkveitinga. Þó má, þegar sérstök atvik ber að höndum, verja allt að því öllum ársvöxtunum og helmingi árstíllaga til styrkveitinga.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið skipstjórar þeir og stýrimenn, sem eru félagsmenn í Hafþór, þegar þeir verða hjálparþurfi sökum veikinda, slysa eða elli-lashurðar, sömuleiðis ekkjur þeirra og eftirlifandi börn, sem þurfa hjálp sér til framfæris.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir fimm manna nefnd, og eru í henni félagsstjórn Hafþórs og tveir aðrir félagsmenn, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi. Um styrkveitingar skal sækja 1. des., og með umsóknarbréfum skulu fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda. Styrkjunum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund Hafþórs í desembermánuði.

8. gr.

Skyldi svo fara, að félagið Hafþór leystist upp eða liði undir lok, skal „Styrktarsjóður skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþórs“ halda áfram að starfa undir þriggja manna stjórn, sem sé skipuð af dómsmálaráðuneytinu. Skal hún halda áfram að ávaxta sjóðinn og taka á móti gjöfum þeim, er honum kynnu að berast.

Hún skal um hver áramót afhenda dómsmálaráðuneytinu skýrslu um fjárhag sjóðsins. Styrks úr sjóðnum verða þeir aðnjótandi, sem hafa verið meðlimir Hafþórs, svo og ekkjur þeirra og börn, og skulu þeir ganga fyrir um styrkveitingar, ef þeir eru hjálparþurfi, en annars skal á sama hátt styrkja aðra innanbæjar skipstjóra og stýrimenn, svo og ekkjur þeirra og eftirlátin börn, ef þau þurfa hjálpar með.

9. gr.

Eftir aðalfund í Hafþór í desember ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til dómsmálaráðuneytisins, sem hefur eftirlit með, að sjóðnum sé stjórnað samkv. framanskráðri skipulagsskrá.

Þannig samþykkt á aðalfundi í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi, hinn 20. febrúar 1945.

101

6. júní

AUGLÝSING

um breytingar á reglugerð um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu,
nr. 92 27. ágúst 1936.

Við 2. gr. Síðasta setningin falli niður.

Við 3. gr. Síðasta setning fyrstu málsgreinar orðist þannig: Grenjaleitir í löndum um eyðijarða kostar sýslusjóður að hálfu á móti viðkomandi sveitarsjóði.

6. gr. orðist svo:

Allur kostnaður við grenjavinnslu, annar en leitarkostnaður, sbr. 3. gr., greiðist úr sýslusjóði eftir reikningi frá viðkomandi hreppsnefnd, sem trúnaðarmaður sýslunefndar hefur samþykkt. Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annars staðar, eru eign þess manns eða manna, sem yrðlingunum ná.

8. gr. fellur niður.

9. gr. Í stað 10 kr. komi 50 kr.